

Skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

7. maí 2019 klukkan 8:10 í fundarherbergi

Mættir: Elínros, Kristín Hrönn, Kjartan, Kristín Steinunn, Sólveig, Rúna, Ólafur og Rakel Linda.

Efni:

1) Íþróttir og sund;

Áhyggjur af því að íþróttatímar nýtist ekki nógu vel. Þetta verður skoðað og reynt að koma til móts við þessar óskir.

2) Símalaus skóli;

Verkefnið hefur gengið mjög vel. Skólinn var vel undirbúinn og allir að vilja gerðir til að láta þetta ganga upp. Nemendur eru virkari í frímínútum. Fyrirspurn hefur komið frá unglingunum um það að fá að vera með í vallarskipulaginu og verður það skoðað. Mikil ánægja með hversu vel þetta hefur gengið og hversu mikið samvinnuverkefni þetta er í skólasamfélaginu. Fyrirspurn kom frá Kjartani um það hvort að hægt sé að fá fleiri bolta og dót í sundlauginu. Kristín Steinunn nefndi að það væri til peningur sem hægt væri að nota í útileikföng, spurning að merkja t.d. boltana og dótið hverjum bekk fyrir sig.

3) Stundatöflur;

Frímínúturnar 11:10 hjá unglingum falla niður á næsta ári. Skólinn mun byrja 8:30 á morgnana. Það verður ákveðin hringekja á unglingastigi, öllum árgöngum blandað í hópa og farið verður í ákveðin verkefni sem allir fara í gegnum. Við fengum styrk til að kenna forritun og verður þetta unnið í 4.-7. bekk. Svo í tengslum við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar þá munum við innleiða nýsköpun meira inn í skólann. Einnig mun verða unnið með „Sérfræðingskápuna“ á næsta skólaári þar sem nemendum verður kennt í gegnum leiklist. Á næsta ári verður leiklistakennari í 50% starfi og það verða ákveðnir árgangar sem fá markvissa kennslu í leiklist. Kristín Hrönn spurði hvernig gengi að púsla saman matartímanum fyrir næsta skólaár. Elínros nefndi að þetta væri allt að smella saman.

4) Önnur mál;

Mikil ánægja með stjórnendum og starfið í skólanum hjá foreldrum og verkefnin framundan. Kristín Hrönn spurði hvort að það hafi verið eitthvað hugsað að leyfa nemendum að velja meira í yngri bekkjum. Elínros nefndi að þetta væri tengt viðmiðunarstundaskrá og væri vert að skoða. Kristín Steinunn spurði hvort að það yrði meiri umhverfisfræðsla á næsta skólaári og bauðst til að senda námsefni hvað þetta varðar til skoðunar. Þetta er eitthvað sem verður skoðað. Spurning að nota miðju skólans í eitthvað ræktunarverkefni. Kristín Steinunn nefndi að hún væri í nefnd sem væri að útbúa reglur varðandi samskipti foreldra á samskiptamiðlum, hvað má og hvað má ekki. Elínros nefndi að vorhátíð skólans verður 16. maí frá klukkan 17:00 til 19:00.

Fundi slitið: 9:00.

Fundarritari: Rakel Linda Kristjánsdóttir.